



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd

Reykjavík 5. apríl 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur). Þingskjal 649 – 450. mál. 152. löggjafarþing.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til breytinga á lögum nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur).

Barnaheill þakka fyrir boð um að senda inn umsögn við ofangreint mál til velferðarnefndar Alþingis.

Barnaheill sendu áður umsagnir um sama mál og ítreka nú ánægju sína með að fram sé komið frumvarp til laga um takmarkanir á sölu nikótínvara, meðal annars um 18 ára aldurstakmark.

Samtökin þakka fyrir að tekið hefur verið tillit til fyrri umsagna, m.a. hefur nú verið bætt við umfjöllun um áhrif lagabreytinganna á börn eftir ábendingu.

Í umsögn um sama mál í samráðsgátt stjórnvalda kölluðu Barnaheill eftir því að fjallað yrði um hvernig háttáð yrði reglum um netsölu og hvernig hægt yrði að hafa stjórn á því að börn fengju ekki að versla nikótínvörur á netinu. Í greinargerð með frumvarpinu er því ekki svarað að öðru leyti en því að ábyrgð á því er lögð alfarið í hendur söluaðila sem og að eftirlit með framfylgd laganna verður lagt í hendur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Barnaheill kalla enn eftir umfjöllun um það í greinargerð hvernig komið verði í veg fyrir að börn geti keypt nikótínvörur á netinu, hvaða aðferðir verði nýttar til að takmarka aðgengi barna að slíkum sölusíðum. Enn fremur væri gagnlegt ef fjallað yrði um hvernig Húsnæðis- og mannvirkjastofnun á að geta haft eftirlit með því hvort börn geti og muni kaupa nikótínvörur á netinu og þá hvernig brugðist verði við því. Í verslunum þar sem fólk hittist fyrir er hægara að fylgjast með hvort barn er komið til að kaupa nikótínvörur og óska eftir að það framvísi skilríkjum. Það er ekki eins auðvelt ef um er að ræða sölu á netinu af augljósum ástæðum.

Um netverslanir sem selja nikótínvörur þarf að kveða skýrt á um hvernig þær megi kynna vörur á netinu því netverslanir geta jú verið aðgengilegar börnum. Við skoðun á netverslunum sem selja rafrettur og nikótínvörur má sjá að engar takmarkanir eru á aðgengi inn á síður þeirra, engar tilkynningar um að aðeins þeir sem séu 18 ára eða eldri megi stunda þar viðskipti.

Mikilvægt er að halda vörð um þann góða árangur sem náðist hér á landi þegar dró verulega úr reykingum og tóbaks-/nikótínneyslu barna og ungmenna frá 10. áratugnum og fram eftir nýrri öld. Því miður hafa kannanir gefið til kynna, eins og áður var nefnt, að töluerður fjöldi barna, ánetjast nú nikótínvörum þar sem ekki hefur verið brugðist nægilega fljótt við að setja reglur um sölu slíkra vara. Þess vegna er þeim mun mikilvægara að efla forvarnir til að vara við fíknihættu af nikótínvörum og slæmum heilsufarsafleiðingum af neyslu þeirra.

Barnaheill leggja mikla áherslu á forvarnir í víðum skilningi og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.